

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 388, 12. ágúst 1986.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 313

1. júlí 1987

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 513 23. desember 1986,
um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.**

1. gr.

11., 12. og 13. tl. 1. gr. orðist svo:

11. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	kr. 15 000,00
12. Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi	kr. 7 500,00
13. Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veislu- þjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi	kr. 5 200,00

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1987.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

Nr. 314

30. júní 1987

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Vestur-Ísafjarðarsýslu um manntalsþing í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, frá 15. júní 1987 varðandi tillögu yðar samkvæmt samþykkt sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu um manntalsþing í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Með vísun til 38. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 1936, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að haldið verði eitt manntalsþing í Vestur-Ísafjarðarsýslu.